

Fundargerð aðalfundar U3A 2018

27. mars 2018 kl 17:15

Staður: Hæðargarður 31

1. Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.
2. Samþykkt að Lilja Ólafsdóttir verði fundarstjóri og Hólmfríður Tómasdóttir fundarritari.
3. Hans kynnti skýrslu stjórnar og stiklaði á stóru í umfjöllun um hið fjölbreytilega starf og var henni vel tekið. Skýrslunni var dreift var á fundinum og er birt á vefsíðum samtakanna. Félagar í mars eru 542 og hefur fjölgað um 127 á starfsárinu.
4. Jón gjaldkeri kynnti reikninga félagsins. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða
5. Rætt var um starfið framundan og fulltrúar starfshópa gerðu grein fyrir störfum þeirra. Elísabet Jónsdóttir sagði frá menningarhópnum og reynslunni af kaffihittingnum. Eirný Vals gerði grein fyrir starfi framtíðarhóps og Birna Sigurjónsdóttir ræddi starf alþjóðahóps.
6. Tillaga stjórnar um óbreytt árgjald, 1500 kr, var samþykkt samhljóða.
7. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagssins (sjá viðauka I) voru samþykktar samhljóða. Aðrar tillögur höfðu ekki borist
8. Undanþága frá samþykkt um að formaður yrði kjörgengur eitt ár enn, fjórða árið, þrátt fyrir ákvæði um þriggja ára hámark, var samþykkt samhljóða að tillögu stjórnar (sjá viðauka II). Fram kom að um frávík frá samþykkt samtakanna væri að ræða. Tveir stjórnarmenn gengu úr stjórn, Hrafnhildur Hreinsdóttir og Hólmfríður Tómasdóttir. Tillögur stjórnar um að Jón Ragnar Höskuldsson fengi endurnýjað tveggja ára umboð til stjórnarsetu og nýja stjórnarmenn, Birnu Bjarnadóttur og Birnu Sigurjónsdóttur voru samþykktar samhljóða.
9. Umræður urðu fjörlegar í lok fundar yfir kaffi, tertu og pönnukökum Hólmfríðar. Þar var meðal annars lauslega rætt um hvernig fjölga megi karlmönnum í félaginu.

Fundi slitið kl.18:30.

Hólmfríður Tómasdóttir, ritari.

Tillögur stjórnar um breytingar á samþykkt U3A Reykjavík. Lagðar fyrir aðalfund 27. mars 2018.

Tillaga að breytingum á 2. grein.

2. grein hljóðar nú svo: *Samtökin eru frjáls félagasamtök og byggja starfsemi sína á sjálfböðastarfi.*

Breytingartillaga:

2. grein hljóði svo: *Samtökin eru frjáls félagasamtök.*

Rökstuðningur Gert er ráð fyrir því að félagið byggji áfram að mestu á sjálfböðastarfi en ekki sé þörf á að taka það sérstaklega fram.

Tillaga að breytingum á 4. grein

4. grein hljóðar nú svo: *Tilgangur samtakanna er að stuðla að því að fólk á þriðja æviskeiðinu hafi fjölbreytilegt framboð af fræðslu án þess að um formlega skólagöngu sé að ræða. Fræðslan byggir að mestu á jafningjafræðslu þar sem félagar samtakanna deila með sér þekkingu, reynslu og færni. Tilgangi sínum hyggjast samtölin ná m.e. með því að:*

- Stofna hópa um viðfangsefni sem félagar samtakanna velja sjálfir.
- Skipuleggja og sjá um fyrirlestra, ferðir og heimsóknir.
- Efla kynni við aðra innan og utan U3A hreyfingarinnar hvar sem er í heiminum

Breytingartillaga:

4.grein hljóði svo:: *Tilgangur samtakanna er tvíþættur. Annars vegar að stuðla að því að félagsmenn hafi fjölbreytilegt framboð af fræðslu án þess að um formlega skólagöngu sé að ræða og hins vegar að stuðla að virkni og aukinni vitund félagsmanna og samfélagsins um mikilvægi þriðja æviskeiðsins, tækifærin sem í því felast og mannauðinn sem í því býr. Fræðslan byggir að mestu á jafningjafræðslu þar sem félagar samtakanna deila með sér þekkingu, reynslu og færni. Tilgangi sínum hyggjast samtökin ná m.a. með því að:*

- Skipuleggja og sjá um fyrirlestra, ferðir og heimsóknir.
- Stofna hópa um viðfangsefni innlend og erlend sem félagar samtakanna velja sjálfir.
- Efla kynni við aðra innan og utan U3A samtakanna hvar sem er í heiminum.
- Taka þátt í rannsóknum og samstarfsverkefnum innanlands sem utan.

Rökstuðningur: Með því að útvíkka tilgang samtakanna með þessum hætti eru tekin af öll tvímæli um að hægt er að taka þátt í verkefnum undir hatti samtakanna, innanlands sem utan.

Tillaga að breytingum á 6. grein.

6. grein hljóðar svo: *Allir sem eru á þriðja æviskeiðinu sbr. 4. grein geta átt aðild að samtökunum. Stjórn samtakanna samþykkir inngöngu nýrra félagsmanna.*

Breytingartillaga:

6. grein hljóði svo: *Allir sem eru á þriðja æviskeiðinu geta átt aðild að samtökunum.*

Rökstuðningur: Stjórn telur óþarft að samþykkja félagsaðild. Allir, sem áhuga hafa eru velkomnir.

Tillaga stjórnar U3A Reykjavík um framgang mála á aðalfundi varðandi undanþágu frá samþykkt um kjörgengi formanns.

Samþykkt á stjórnarfundum 14. mars 2018

Í 7. grein samþykktar U3A er tiltekið:

“Formaður skal kosinn til eins árs í senn og skal að hámarki sitja þrjú kjörtímabil.” Núverandi formaður, Hans Kristján Guðmundsson, er á þessum fundi að ljúka sínu 3. ári. Engar tillögur hafa borist um nýjan formann og þeir sem leitað hefur verið til, telja sig ekki reiðubúna til formennsku samtakanna að svo stöddu.

Því hefur verið lagt að núverandi formanni að hann stýri stjórn samtakanna eitt ár til viðbótar og hefur hann samþykkt það með því skilyrði að tryggt verði að annar taki við að ári.

Það er því lagt til að aðalfundur samþykki frávik frá samþykkt samtakanna og leyfi að Hans Kristján Guðmundsson verði kjörgengur í fjórða skipti.

Tillaga borin upp:

Aðalfundur U3A Reykjavík 27. mars 2018, samþykkir að Hans Kristján Guðmundsson verði kjörgengur sem formaður samtakanna í fjórða skipti, þótt samþykkt félagsins tiltaki að formaður skuli að hámarki sitja þrjú kjörtímabil.

Kosning fer síðan fram undir 8. lið með, þar sem fundarmönnum gefst kostur á að koma með tillögur um aðra sem formann.